

AUGLÝSING

um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir Málningu hf., kt. 450269-4849, til að framleiða að Dalvegi 2, Kópavogi, allt að 2,2 milljónir lítra af málningu og 150.000 lítra af þynnum og 150.000 lítra af lími og lakki á ári í verksmiðjunni, auk þess að starfrækja verkstæði og aðra þjónustu sem heyrir beint undir starfsemina.

Starfsleyfið er gefið út í samræmi við lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Starfsleyfið öðlast þegar gildi og gildir til 20. júní 2032.

Umhverfisstofnun, 20. júní 2016.

Gunnlaug H. Einarsdóttir,
staðgengill forstjóra.

Sigrún Ágústsdóttir sviðsstjóri.